



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Skipulags- og samgönguráð

**Sendandi:** Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

---

***Fyrirspurnir áheyrnarfulltrúa Miðflokksins og Flokks fólksins um úttekt SWECO á umferðarljósastýringu (US200433 og US200434).***

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 16. desember sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins:

- 1. Hvað kostar skýrslan sem SWECO gerði um umferðarljósastýringu á höfuðborgarsvæðinu?*
- 2. Hvernig var þessi aðili valinn til skýrslugerðarinnar?*

Á sama fundi var einnig lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

*Kynntar eru niðurstöður úttektar SWECO á umferðarljósastýringum í Reykjavík. Reykjavík fær þar frekar slæma útreið og er aftarlega á merinni ef samanborin við aðrar borgir sem Reykjavík er borin saman við.*

*Fulltrúi Flokks fólksins fýsir að vita hvernig það kom til að Reykjavík er þátttakandi í þessari úttekt og hvað er verið að greiða fyrir að vera aðili að þessari úttekt?*

*Hvaða fyrirtæki er þetta SWECO og hver eru tengsl þess við skipulagsyfirlöngun í borginni? Óskað er eftir að umhverfis- og skipulagssvið finni út hver kostnaður er ef hann liggur ekki fyrir nú.*

Fyrirspurnunum var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, þann sama dag.

Fyrirspurnirnar eru sambærilegar að efni og verður þeim því báðum svarað með sömu umsögn.

Svar við fyrirspurn:

Í kjölfar sameiginlegs fundar Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar, var á haustmánuðum 2019 ákveðið að óska eftir óháðri úttekt á umferðarljósastýringu á höfuðborgarsvæðinu. Úttektin var unnin fyrir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu og Vegagerðina með vísan í sáttmála ríkis og sveitarfélaga um samgöngur á höfuðborgarsvæðinu. Tilgangur með úttektinni



var m.a. að bregðast við gagnrýni á stýringu umferðarljósa á höfuðborgarsvæðinu, kanna hvort núverandi kerfi og fyrirkomulag umferðarstýringar væru sambærileg og í öðrum evrópskum borgum og hvað mætti betur fara til framtíðar.

Þann 26. nóvember 2019 voru sendar verðfyrirspurnir á sex erlendar verkfræðistofur með mikla þekkingu og reynslu á umferðarljósastýringum og óskað eftir tilboðum í úttekt á búnaði, viðhaldi og rekstri umferðarljósastýringa á höfuðborgarsvæðinu. Um er að ræða verkfræðistofurnar VMZ Berlin Betreibergesellschaft mbH (Þýskalandi), Traffic Systems Technologies Ltd. (Bretlandi), ROPERTZ TrafficConsult GmbH (Þýskalandi), Rambøll (Noregi), Mobiflow (Svíþjóð) og SWECO (Svíþjóð).

Ákvörðun um val á tilboði var byggð á heildareinkunn þar sem borin voru saman verð og gæði boðinnar þjónustu. Niðurstaða fjögurra manna matsteymis var að fast verðtilboð SWECO að upphæð €36.750, væri hagstæðast.

SWECO er alþjóðleg ráðgjafarverkfræðistofa með um 17 þúsund starfsmenn og skrifstofur í 13 evrópulöndum. Skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar er ekki kunnugt um að nein tengsl hafi verið milli umhverfis- og skipulagssviðs og verkfræðistofunnar áður en gengið var til samninga.

Þorsteinn R. Hermannsson  
samgöngustjóri